



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2022

2205038SA KB/bg
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga, 595. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndasviðs Alþingis dags. 17. maí sl. vegna ofangreinds frumvarps.

Markmið þess er að leysa úr ýmsum álitaeftum við framkvæmd gildandi laga. Jafnframt eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, sem sambandið telur vera mjög til bóta.

Sú staða er bagaleg að nauðsynleg úrlausn á álitaeftum um málefni útlendinga nái ekki fram að ganga vegna skorts á samstöðu en frumvörp sama efnis hafa í þrígang verið lögð fram á Alþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Frumvarpið er nú endurflutt að mestu leyti í fjórða sinn.

Að mati sambandsins er áriðandi að ná fram breytingum á regluramma sem auðveldi stjórnvöldum að bregðast við auknum fjölda útlendinga sem hingað koma í leit að öruggari og betri lífsskilyrðum. Lögð er áhersla á að þessi regluramma hefur margvíslega snertifleti við sveitarstjórnarstigið. Sveitarfélögin hér á landi hafa sett sér að vera samfélög án aðgreiningar enda njóta þau í ríkum mæli þekkingar og reynslu sem nýir íbúar þeirra búa yfir og leggja til samfélagsins. Í þessu felst að allir íbúar séu virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu. Þannig verður fjölbreyttur uppruni íbúa að styrkleika og stuðlar að efnahagslegri velgengni.

Við móttöku nýrra íbúa er það algert lykilatriði að nægjanlegur stuðningur sé í boði fyrir þá sem þurfa á honum að halda þar til fólk nær fótfestu í nýju umhverfi. Ef skortir á stuðning næst ekki það markmið að nýir íbúar verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu til framtíðar litið.


Umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk fær margþætta þjónustu frá þeim sveitarfélögum er þau eru búsett í. Vill því sambandið vekja athygli á því að nauðsynlegt er að tryggja nægja fjármuni í samræmda móttöku flóttafólks sem félags- og vinnumarkaðsráðherra ber ábyrgð án. En einnig verður að tryggja sveitarfélögum fjármagn til að standa undir auknum kostnaði við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttabörn. Þar er um viðkvæman hóp að ræða sem oft er með rofna skólagöngu. Þar gegnir lykilhlutverki að þau fái fullnægjandi kennslu í íslensku sem annað tungumál. Vakin er athygli á því að jöfnunarsjóður styður við íslenskukennslu til nemenda með íslensku sem annað tungumál til allra sveitarfélaga nema Reykjavíkur. Einnig þarf að bæta úr því að greiðslur úr sjóðnum standa alls ekki undir þeim viðmiðum er Menntamálstofnun setur fyrir íslenskukennslu sem annað tungumál. Mikilvægt er að þetta sé leiðrétt hið fyrsta svo börn sem eru innflytjendur, umsækjendur um alþjóðlega vernd og

flóttabörn fái fullnægjandi kennslu og stuðning strax í upphaf skólagöngu hér á landi.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur langflestar tillögur í fyrirbyggjandi frumvarpi vera til bóta í þágu ofangreindra markmiða en vill þó taka undir ábendingar Reykjavíkurborgar frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi. Þar kom fram að þótt mikilvægt sé að stytta málsmeðferðartíma megi sú stytting ekki fela í sér réttarskerðingu fyrir umsækjendur. Sjónarmið um skilvirka stjórnsýsluframkvæmd megi aldrei koma niður á gæðum málsmeðferðar og réttaröryggi umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri